

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

175. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **4. mars 2010 kl. 16:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi eigenda Brekkulækjar.
2. Erindi frá umhverfisstjóra Húnaþings vestra.
3. Umferðaráætlanir sveitarfélaga.

Tekið á dagskrá

4. Erindi Hannesar Ársælssonar og Helenu Halldórsdóttur.
5. Erindi frá Víglundi Gunnþórssyni.
6. Erindi eigenda Katadals.
7. Erindi Þóris Ísólfssonar.

Afgreiðslur:

1. Arinbjörn Jóhannsson kt. 050350-7469, Friðrik Jóhannsson kt. 300752-2099, Sigvaldi Jóhannsson kt.170358-4819 og Hólfríður Jóhannsdóttir kt. 180859-3309, óska eftir leyfi til að rífa fjárhús mhl.01, fmr.213-3274 á jörð sinni Brekkulæk lnr.217343. Ráðið samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt.
2. Umhverfisstjóri f.h. sveitarstjórnar óskar eftir að Skipulags-og umhverfisráð tilnefni fulltrúa til setu í sérstakri nefnd sem skipuleggi dagskrá íbúafundar sem fjalli um umhverfismál í Húnaþingi vestra. Ráðið tilnefnir S.Árborgu Ragnarsdóttur til setu í nefndinni.
3. Umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga. Forstöðumaður tæknideildar kynnti leiðbeiningar um umferðaröryggisáætlanir sveitarfélaga sem unnar voru af Mannvit verkfræðistofu í samvinnu við Umferðarstofu og Vegagerðina.

Tekið á Dagskrá.

4. Hannes Ársælsson kt. 270474-4709 og Helena Halldórsdóttir kt. 010674-3529 sækja um byggingarleyfi fyrir bílskúr á lóðinni Grundartún 14, fmr. 223-7827, skv. teikningum A01, A02 og A03 dags.28.02.2010 frá Hauki Árnasyni byggingartæknifræðingi kt. 290131-3329. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.
5. Víglundur Gunnþórsson kt. 170157-5599 sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun Gistiheimilisins í Dæli, fmr.213-5105, sbr. m.f. teikningar A1 og A2 dags.26.02.2010 frá Málfríði Kristjánsdóttur arkitekt kt. 040646-3299. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Víglundur vék af fundi við afgreiðslu málsins.
6. Jón Guðmundsson kt. 101256-3839 og Erla Guðmundsdóttir kt. 041062-2159 óska eftir leyfi til að rífa sumarhús mhl 06, fmr.221-4037 á jörð sinni Katadal lnr.144542. Ráðið samþykkir erindið og bendir á að úrgangi skal fargað á löglegan hátt.
7. Þórir Ísólfsson kt. 290854-4829 sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi á lóð úr landi Lækjamóts, lnr.218947 sbr. m.f. teikningar HVL0201 dags.03.03.2010 frá Ráðbarði sf. Hvammstanga. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 18:00.

Guðmundur St. Sigurðsson(sign).

Örn Óli Andrésson(sign).

Erla Björg Kristinsdóttir(sign).

Víglundur Gunnþórsson(sign).

Halldór Sigfússon(sign.).

Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign).

Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign).

Pétur Arnarson Slökkviliðsstjóri(sign)